

Reykjavík, 16. nóvember 2021


ÞON21100040

Til Borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

*Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um prófanir á nýju skjalavistunarkerfi og kostnað – R21090291.*

Vísað er til bréfs, dagsett 30. september 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um skjalavistunarkerfi, prófanir og kostnað.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Óskar Þór Þráinsson  
Skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

## SVAR

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um prófanir á nýju skjalavistunarkerfi og kostnað – R21090291.

Á fundi borgarráðs þann 30. september 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 60. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Ekki hefur enn tekist að innleiða nýja skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar Hlöðuna. Nú eru orðin meira en 2 ár síðan þetta stóra og dýra kerfi var keypt. Í hinum og þessum kynningum þjónustu- og nýsköpunarsviðs þennan tíma hefur Hlöðunni verið lýst með stóryrðum. Í vor réði sviðið inn enn fleiri sérfræðinga sem m.a. áttu sérstaklega að koma að innleiðingunni á þessu kerfi. Þrátt fyrir það virðist ekkert bóla á því að kerfið verði tekið í notkun á næstunni. Spurt er hvort skipulagðar prófanir á þessu kerfi og öðrum kerfum sem komu til greina eftir útboð, hafi átt sér stað innan PON áður en ákveðið var að kaupa þetta kerfi? Var kerfið e.t.v. ekki fullprófað fyrir en eftir að það var keypt? Hvað kostaði þetta kerfi og hvernig er kaupum á þjónustu við kerfið háttáð frá söluaðila ef um slíkt er að ræða? Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins vita hversu miklir fjármunir hafa tapast undanfarin tvö ár vegna tafa á innleiðingu? Óskað er eftir að allt sé til tekið t.d. afleiddur kostnaður við vinnu og ráðningar nýs starfsfólks og annarra sérfræðinga sem PON hefur verið að ráða inn eða kaupa vegna þessarar innleiðingar sem og annars kostnaðar sem af þessu hefur leitt.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 1. október 2021.

**Svar:**

*Spurt er hvort skipulagðar prófanir á þessu kerfi og öðrum kerfum sem komu til greina eftir útboð, hafi átt sér stað innan PON áður en ákveðið var að kaupa þetta kerfi?*

Skipulagðar prófanir voru gerðar á kerfinu áður en ákveðið var að ganga til kaupanna byggt á kröfum í útboðsferli. Samningur komst á að loknum samkeppnisviðræðum, opinberu innkaupaferli. Tilboð bárust frá þremur aðilum, sem síðan tóku þátt í samkeppnisviðræðum, eitt lokatilboð barst. Tilboð var metið skv. besta hlutfalli milli verðs (30%) og gæða (70%). Mat á gæðum var byggt annars vegar á skilgreindum matsþáttum í kröfulýsingu (60%) og hins vegar



á notendaprófunum (40%). Skipulagðar notendaprófanir voru því gerðar á kerfinu eins og fram kemur í útboðsgögnum: „Mat á gæðum með notendaprófunum fer fram í III þrepi samkeppnisviðræðna. Rík áhersla er lögð á að væntanlegir notendur fái að prófa sjálfir vinnslu og virkni boðins kerfis.“ Notendaprófanir fóru fram hjá bjóðanda. Matsnefnd mynduðu 31 notandi í 4 mismunandi hlutverkum sem tók þátt í notendaprófunum á kerfinu. Um var að ræða aðila frá PON, USK, VEL og ráðhúsinu. Boðið kerfi hlaut 93,3 í heildargæðaeinkunn.

*Var kerfið e.t.v. ekki fullprófað fyrr en eftir að það var keypt?*

Kerfið var fullprófað skv. útboðsgögnum áður en það var keypt, sbr. ofangreint.

*Hvað kostaði þetta kerfi og hvernig er kaupum á þjónustu við kerfið háttað frá söluaðila ef um slíkt er að ræða?*

Varðandi kostnað við kaup á kerfinu og þjónustu söluaðila: Teknu tilboði er skipt upp í þrjá liði skv. útboðsgögnum 14030:

1. Upphafskostnaður kerfis er 146.774.818 kr, þ.m.t. öll vinna bjóðanda við greiningu, undirbúning, aðlaganir og sérsníði, yfirfærsla gagna, uppsetning kerfisins, tengingar við önnur kerfi, viðtökuprófanir, o.s.frv. sem þarf til að uppfylla allar A, B og C kröfur og boðna matsþætti í samræmi við útboðsgögn auk kostnaðar við hugbúnaðarleyfi fyrir 3.000 notendur.
2. Þjónustugjöld sem fela í sér kostnað við rekstur og hýsingu kerfisins eru mánaðarlega 3.950.287 kr, samtals 474.034.479 kr á 10 ára samningstímabili þ.m.t. öll vinna þjónustuborðs, kerfisstjóra og annarra starfsmanna bjóðanda ásamt allri vinnu við reglulegar uppfærslur allra hugbúnaðareininga, árleg viðhaldsgjöld allra hugbúnaðarhluta lausnarinna (Kerfið og allan kerfishugbúnað), allan annan kostnað við að hýsa og reka kerfið auk annarra þátta í samræmi við kröfur í útboðsgögn.
3. Valkvæður liður 348.905.875 kr, sem er kostnaður fyrir kennslu og sérfræðingsþjónustu seljanda umfram upphafskostnað, tímagjald í 20.000 sérfræðingstíma, 750 kennslutíma og leyfisgjald fyrir hugsanleg kaup á aukaleyfum í framtíðinni. Sá liður er sem fyrir segir valkvæður fyrir borgina og nær yfir 10 ára samningstíma.

Heildarvirði samnings til 10 ára er því 969.715.172 isl. kr. án vsk.

*Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins vita hversu miklir fjármunir hafa tapast undanfarin tvö ár vegna tafa á innleiðingu?*

Með vísan til samnings Reykjavíkurborgar og Hugvits, sem byggður var á samkeppnisviðræðum nr. 14030, átti innleiðingu fyrsta áfanga kerfisins að vera lokið 14 mánuðum eftir undirritun samningsins. Samningurinn sjálfur var undirritaður í september 2019 en aðilar komu sér saman um að innleiðingin hefði hafist 1. nóvember það sama ár.



Óviðráðanlegar aðstæður sem m.a. má rekja til heimsfaraldursins Covid-19 og öryggisveikleika í valkvæðri hliðarvirkni Hlöðunnar sem uppgötvaðist í ágúst 2020 urðu til þess að innleiðingu seinkaði. Í breytingu á samningi 04.03.2021 vegna þessa var kveðið á um að innleiðingu fyrsta áfanga, eins og lýst var í útboðsgögnum yrði lokið eigi síðar en 1. mars 2022. Framlenging innleiðingartíma var gerð með vísan til b., c., e. og f. liða 1. mgr. 90. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og greinar í útboðsgögnum. Samhliða því voru gerðar breytingar á eftirstandandi greiðslum sem upphaflega var samið um en einnig var fallist á að greiða Hugvit fyrir vinnu sérfræðings, sem nemur 66% starfshlutfalls, alls 1.778.133 kr. án vsk., mánaðarlega þar til innleiðingu er lokið, þó eigi lengur en til 1. mars 2022. Kostnaður vegna tafa hefur ekki verið íþyngjandi og verið mætt innan fjárhagsramma verkefnisins.

Mannabreytingar hafa orðið innan verkefnisins á innleiðingatímanum, en ekki hefur verið ráðið í aukinn fjölda stöðugilda. Um er að ræða breytt hlutverk eftir framgangi innleiðingarinnar og ráðningar á starfsmönnum í stað þeirra sem hafa fært sig í önnur verkefni eða hætt störfum hjá Reykjavíkurborg. Ráðning starfsmanna felur í sér kostnað vegna starfsauglýsinga að heildarupphæð 665.039.- kr. en honum var mætt innan ramma almenns reksturs á skrifstofu upplýsinga- og skjalastýringar á Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Innleiðingarvinna hefur haldið stöðugt áfram á innleiðingartíma. Tíminn sem ekki fór í beina innleiðingu var nýttur í nauðsynlega verkþætti sem eru forsendur árangursríkrar innleiðingar. Endurskoðuð var skilgreining á afhendingarskyldu Reykjavíkurborgar til Borgarskjalasafns Reykjavíkur, og tækifæri greind til umbóta og framþróunar. Gerð var tillaga að afhendingarskyldu sem og fækkun málalykla og skjalavistunargrunna hjá öllum sviðum. Þá voru fyrstu gögnin flutt úr aflögðum eldri skjalakerfisgrunnum Reykjavíkurborgar yfir í rafræna varðveislu. Unnið var fræðsluefni fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, svo sem fræðslumyndbandi um vistun gagna, örkennslumyndböndum um notkun Hlöðunnar og notendahandbók. Undirbúningur hófst á innleiðingu gæðakerfiseiningar innar Hlöðunnar og fundarviðmóti starfsmanna fyrir fundi kjörinna ráða og nefnda Borgarinnar en það mun stytta síðari innleiðingarfasa. Þá var unnið að undirbúningi að innleiðingu samningaviðmóts í Hlöðunni fyrir allar starfseiningar borgarinnar. Innleiðingin hefur því staðið skipulega yfir á tímabilinu þar sem vinnu starfsfólks var beint í nauðsynlega undirbúningsvinnu á meðan samstarfi við birgja var frestað. Ekki stendur til að óska eftir auka fjármagni vegna tafa enda var um að ræða tilfærslu á úrvinnslu verkþátta milli tímabila.

Virðingafyllst,

Óskar Þór Þráinsson  
Skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar